

L Ö G

um breyting á lögum nr. 52 5. júní 1957, um eyðingu refa og minka.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við fyrri málsgr. 8. gr. laganna bætist:

Hámark verðlauna fyrir að vinna grendýr skal vera kr. 1 500.00 fyrir fullorðid dýr og kr. 800.00 fyrir hvern yrðling.

2. gr.

9. gr. laganna breytist þannig:

a. Fyrir „kr. 350.00“ í 1. málsgr. komi: kr. 2 500.00.

b. Fyrir „kr. 200.00“ í 2. málsgr. komi: kr. 1 500.00.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru felld úr gildi lög nr. 9 19. mars 1964 og lög nr. 26 5. apríl 1971.

Gjört í Reykjavík 23. maí 1975.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Halldór E. Sigurðsson.

L Ö G

um launasjóð rithöfunda.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Stofna skal launasjóð íslenskra rithöfunda. Stofnfé sjóðsins skal vera 21.7 milljónir króna og greiðast úr ríkissjóði.

2. gr.

Fjárveiting samkvæmt 1. gr. skal í fyrsta sinn veitt í fjárlögum fyrir árið 1976.

Í fjárlögum ár hvert skal sjóðnum síðan ætluð fjárveiting, er nemi eigi lægri fjárhæð en að ofan greinir.

Fjárhæðin skal endurskoðuð ár hvert við undirbúning fjárlaga með tilliti til breytinga á byrjunarlaunum menntaskólakennara.

3. gr.

Rétt til greiðslu úr sjóðnum hafa íslenskir rithöfundar og höfundar fræðiritra. Heimilt er og að greiða úr sjóðnum fyrir þýðingar á íslensku.

4. gr.

Menntamálaráðuneytið setur reglugerð um framkvæmd laga þessara, að höfðu samráði við félagssamtök rithöfunda, þar sem m. a. skal kveðið á um stjórn sjóðsins, vörslu hans og greiðslur úr honum.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 20. maí 1975.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Vilhjálmur Hjálmarsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 8/1972, um tekjustofna sveitarfélaga.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

5. gr. laganna breytist þannig:

Á eftir orðunum „orlofsheimili launþegasamtaka“ í 1. mgr. komi: skipbrotsmannaskýli, sæluhús.

Aftan við greinina bætist ný mgr., svo hljóðandi:

Heimilt er sveitarstjórn að lækka eða fella niður fasteignaskatt af fasteignum, sem einvörðungu eru notaðar til tómstundaiðju, sem viðurkennd er af viðkomandi sveitarstjórn.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 23. maí 1975.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Gunnar Thoroddsen.